



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 25/2023

Auglýsingar Svens ehf. á nikótínvörum

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Svens ehf., rekstraraðila Svens verslana, dags. 21. mars 2023, gerði stofnunin grein fyrir athugasemdum sem höfðu borist stofnuninni í tengslum við mögulegar auglýsingar félagsins á nikótínvörum. Í bréfinu vísaði stofnunin bæði til auglýsinga félagsins þar sem fígúran Sven væri dansandi með dós fyrir nikótín púða og með einn nikótín púða í vörinni, og til dósa fyrir nikótínþúða utan á verslunum félagsins.

Vísaði stofnunin til þess að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort háttsemin fæli í sér brot, og gerði grein fyrir inntaki ákvæðisins, ásamt 3. mgr. 3. gr. laganna þar sem finna mætti skilgreiningu á hugtakinu „nikótínvara“. Þá vísaði stofnunin jafnframt til 5. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

2.

Svar Svens barst stofnuninni með bréfi, dags. 11. apríl 2023. Í bréfinu var í upphafi tekið fram að félagið reki samnefndar séerverslanir með nikótínvörum hér á landi (svokallað snus án tóbaks).

Í bréfi Neytendastofu sé því haldið fram að félagið auglýsi nikótínvörur í ákveðnum auglýsingum, sem felist í því að vörumerki Svens sé sýnt. Félagið hafni því að í því felist að um sé að ræða auglýsingar á nikótínvörum, sem fari gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Tilgreint ákvæði um bann við auglýsingum á nikótínvörum komi ekki í veg fyrir að hægt sé að birta vörumerki Svens á opinberum vettvangi.



Félagið framleiði hvorki né selji nikótínvörur undir vörumerki Svens. Félagið sé því ekki nikótínvara, heldur heiti eða vörumerki verslana sem selja slíkan varning. Á því sé mikill munur. Fígúran Sven sé vörumerki þessara búða. Það sem Sven haldi á í umræddri auglýsingu geti verið hvað sem er. Sama eigi við um hvíta punktinn í andliti Sven, það geti verið hvort sem er tönn eða tyggjó.

Ekkert í lögum komi í veg fyrir að vörumerki þessara verslana sé auglýst.

Allar dósir sem mynd sé af á verslunum Svens séu merktar „nicotine free“ eða „nikótín laus“, sem þær sannanlega séu. Þær vörur séu í vöruframboði verslananna og seljist með ágætum.

Þá taki félagið fram að með nikótínvöru sé átt við vöru sem innihaldi nikótín, hvort sem nikótínið sé unnið úr tóbaki eða ekki, og varan innihaldi að öðru leyti ekki efni sem unnin eru úr tóbaki, t.d. nikótínþúði, en sé ekki til innöndunar, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 57/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Augljóst sé að vörumerki Svens falli ekki undir þetta.

Hvergi í lögum sé lagt bann við því að auglýsa verslanir sem selji varning sem óheimilt sé að auglýsa eða vörumerki þeirra. Þannig sé vörumerki ÁTVR auglýst oft og iðulega, þ.m.t. opnunartímar verslana, þar sem ÁTVR hafi gefið út sérstakt blað með vintegundum og auglýsi staðsetningar verslana sinna þar sem vörumerki ÁTVR komi fram. Þrátt fyrir það sé auglýsingabannsókvæði áfengislaga, sbr. 20. gr. laganna, mun víðtækara en tilvitnað ákvæði laga um nikótínvörur.

Það sé því ljóst að ekki sé lagt bann við því að birta vörumerkið Svens í auglýsingum eða viðskiptaboðum. Við mat á því verði ávallt að hafa í huga að allar hömlur á auglýsingum feli í sér takmarkanir á tjáningarfrelsi og hömlur á því verði að skýra mjög þröngt. Í því sambandi sé rétt að benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 220/2005, um tóbaksverslunina Björk, þegar komi að auglýsingahömlum.

Var þess að lokum krafist að málið veðri fellt niður.

3.

Í kjölfar framangreinds erindis Svens sendi Neytendastofa bréf til félagsins, dags. 11. maí 2023, þar sem ákveðnum athugasemdum í erindi félagsins var svarað og brýnt á öðrum atriðum.

Í bréfinu kom fram að stofnuninni þyki rétt að benda á að á þessu stigi málsins sé ekki verið að ræða sjálft vörumerkið „Svens“ og auglýsingar þar sem aðeins vörumerkið komi fram. Í málinu sé hins vegar til umfjöllunar hvort ákveðnar auglýsingar, bæði utan á verslun og í



almennri birtingu, feli í sér brot gegn ákvæðum þeim sem vísað hafi verið til í fyrra bréfi stofnunarinnar til félagsins.

Stofnunin telji að við mat á því hvort auglýsingar félagsins feli í sér brot gegn téðum ákvæðum sé mikilvægt að líta til þeirra hugrenningartengsla sem auglýsingarnar skapi fyrir neytendur. Í tengslum við auglýsingu félagsins þar sem finna má svarta fígúru dansa vísar stofnunin til þess að hún telji samhengi auglýsingarinnar og tengsl hennar við vöruframboð félagsins vera mikilvæga þætti við mat á því hvort auglýsingin kunni að fela í sér brot. Hvað neytendur megi með réttu ætla að umræddir hlutir séu þegar auglýsingin sé metin í heild sinni. Þá sé til þess að líta að neðst í auglýsingunni komi fram setningin „10.000 koddar í vasanum“ sem virðist jafnframt vera bein tilvísun til nikótínþúða.

Hvað varði auglýsingar á dósnum framan á verslun félagsins beri m.a. að meta hversu augljóst það sé fyrir neytendur að hinar auglýstu vörur séu í raun nikótínlausar. Beri þar helst að hafa í huga hvort vegfarendur sjái með góðu móti að um nikótínlausar vörur sé að ræða. Jafnframt beri að meta hvort að umrædd viðskiptaboð feli í raun í sér auglýsingu á framleiðanda nikótínvöru þegar vörumerkin séu auglýst með þessum hætti. Því til viðbótar sé framan á verslun félagsins ítrekað vísað í „snus“. Alþekkt sé að „snus“ sé reyklaus nikótínvara sem gjarnan sé sett í munn, n.tt. nikótínþúðar eða munntóbak.

Með hliðsjón af því telji stofnunin framangreindar auglýsingar félagsins til þess fallnar að brjóta gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Bætti stofnunin auglýsingu félagsins við málið vegna ábendingar sem barst stofnuninni við meðferð málsins. Í umræddri auglýsingu er vísað til að félagið sé með meira en 150 tegundir í 11 búðum. Taldi stofnunin að með þessu væri félagið að vísa til varnings sem félagið selji og sé með yfir 150 tegundir af umæddri vöru. Þrátt fyrir að ekki sé í auglýsingunni beint vísað til þess um hvaða vöru sé að ræða beri að meta hvort auglýsingin feli í sér auglýsingu á nikótínvöru með hliðsjón af vöruúrvali félagsins og starfsemi þess almennt.

Óskaði stofnunin eftir svörum frá félaginu við erindið og tók fram að ef svör bærust ekki innan gefins frests myndi stofnunin taka málið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

4.

Svar við erindinu barst Neytendastofu með bréfi frá Svens, dags. 23. maí 2023.

Í bréfinu kom fram að félagið hafni því alfarið að þær auglýsingar sem vísað sé til í bréfi Neytendastofu feli í sér auglýsingar á nikótínvörum sem séu í andstöðu við 11. gr. laga nr. 87/2018. Félagið mótmæli því að stjórnvöld geti með huglægum hætti metið möguleg hugrenningartengsl líkt og Neytendastofa gerir í bréfi sínu og komist að niðurstöðu um að



brotið sé gegn bannákvæðum laga. Við mat á því verði að hafa í huga að auglýsingar séu ein tegund tjáningar sem nýtur verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjalli um tjáningarfrelsi. Alla takmörkun á tjáningu verði að skýra með þröngum hætti. Félagið hafi ekki gert neitt annað en að auglýsa vörumerkið Svens, sem sé ekki vörumerki fyrir nikótínvörur. Að banna slíkar auglýsingar og beita refsiviðurlögum vegna þeirra gangi ekki upp. Væri það gert væru stjórnvöld landsins komin inn á mjög hæginn grundvöll. Megi líkja því saman við að kránni Ölstofunni væri bannað að auglýsa vörumerki sitt, þar sem hún hefði brotið gegn lagaákvæðum um bann við auglýsingum á áfengi. Allir sjái að slíkt inngríp stjórnvalda í lýðfrjálsu landi nái ekki nokkurri átt.

Enn fjarstæðara sé að leggjast gegn notkun á vörumerki verslananna, sem sé skrásett og löglegt vörumerki til auðkenningar á verslunum fyrirtækisins. Sérverslun með ákveðnar vörur verði að geta auðkennt sig. Það að fígúran Sven, sem sé vörumerki en ekki nikótínvara, haldi á dós geti ekki falið í sér brot gegn banni við auglýsingu nikótínvara, enda séu líka seldir nikótínlausir púðar í samskonar umbúðum. Þá megi benda á ákveðnir bjórframleiðendur séu með dósir merktar ákveðnum vörumerkjum framan á framleiðsluhúsi sínu. Um þetta atriði megi einnig vísa til áðurgreinds dóms Hæstaréttar í máli tóbaksbúðarinnar Bjarkar, en frægt sé skilti utan á versluninni í Bankastræti þar sem sést í fígúru með pípu í munnum.

Samkvæmt 1. tölul. 3. gr. laga nr. 57/2018 sé auglýsing það þegar vörumerki sé komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörुकynningum á hvaða formi sem er, útstillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda. Engin nikótínvara sé framleidd undir vörumerkinu Svens. Ekkert lagaákvæði banni auglýsingu sérvöruverslunar með nikótín.

Vísa megi til heimasíður ÁTVR, þar sem sé að finna mikið magn auglýsinga á áfengi. Engum hafi hingað til dottið í hug að ÁTVR megi ekki auglýsa að verslanir ÁTVR selji vín, þó áfengisauklýsingar séu bannaðar. Svens verði ekki bannað að láta vita hvaða vörutegundir verslanir félagsins selji.

Tilgreint ákvæði um bann við auglýsingum á nikótínvörum komi ekki í veg fyrir að hægt sé að birta vörumerki Svens á opinberum vettvangi. Þá séu allar dósir sem séu í merkjum utan á verslunum Svens auðkenndar sem nikótínlausar.

Tekið skuli fram að auglýsingar með vísan til Bill Gates hættu að birtast í mars sl. Auglýsingin „140 tegundir“ hafi ekki verið í birtingu síðan um miðjan maí sl. Hjá Svens séu strangar innanhús reglur um að banni við sölu á nikótínvörum til ungmenna undir 18 ára aldri sé framfylgt. Svens hafi lagt áherslu á það frá upphafi og hafi m.a. skrifað umsögn um frumvarpið um sölu nikótínvara þegar það var í ferli hjá Alþingi, þar sem lögð var áhersla á að löggin væru strangari hvað varði bann við sölu til ungmenna.



Með bréfi til Svens ehf., dags. 24. maí 2023, upplýsti stofnunin að ekki þætti tilefni til frekari gagnaöflunar og tilkynnti að málið yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum hjá Svens ehf. Er nánar tiltekið um að ræða annars vegar auglýsingar sem fóru í almenna dreifingu á samfélagsmiðlum og auglýsingar utan á verslunum félagsins. Þær auglýsingar sem fóru í almenna dreifingu eru n.tt. auglýsingar félagsins þar sem fígúran Sven er dansandi með dós sem lítur út eins og dós fyrir nikótín púða og með hvítan blett í munni sem getur litið út fyrir að vera nikótín púði og auglýsing þar sem vísað er til þess að verslunin sé með 150 tegundir í 11 búðum. Þær auglýsingar sem vísað er til utan á verslunum félagsins eru annars vegar stórar dósir merktar framleiðendum nikótínvara og ítrekaðar tilvísanir til „snus“ á öðrum stöðum utan á verslunum félagsins. Taldi stofnunin að framangreind háttsemi kynni að fela í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur og 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í svörum félagsins var m.a. tekið fram að félagið væri ekki sjálft framleiðandi nikótínvara og þ.a.l. ekki óheimilt að auglýsa það. Þá var til þess vísað að það sem Sven haldi á í auglýsingu félagsins gæti verið hvað sem er og að það sama eigi við um punktinn í andliti hans. Varðandi dósir utan á verslun félagsins er til þess vísað að um sé að ræða vörur án nikótíns og að þær séu merktar sem slíkar. Vísaði félagið til þess að auglýsingar á vörumerki Svens féllu ekki undir skilgreiningu laga nr. 87/2018 á hugtakinu „nikótínvara“. Þá ber félagið saman bannákvæði áfengisлага við áfengisauklýsingum og tekur fram að ÁTVR auklýsi vörumerki sitt oft og iðulega. Beri jafnframt að túlka allar hömlur á tjáningarfrelsi, þ. á m. auklýsingar, mjög þröngt.

2.

Í lögum nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hverskonar auklýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Hvers konar auklýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auklýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auklýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð



Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.

Í 3. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*nikótínvara*“ sem er svohljóðandi:

„Vara sem inniheldur nikótín, hvort sem nikótínið er unnið úr tóbaki eða ekki, og varan inniheldur að öðru leyti ekki efni sem unnin eru úr tóbaki, t.d. nikótínþúði, en er ekki til innöndunar.“

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

3.

Í máli þessu verður lagt mat á það hvort Svens, rekstraraðili sérvöruverslana með nikótínvörur undir heitinu Svens, hafi brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, með ólögum auglýsingum á nikótínvörum. Hvað varðar auglýsingar á samfélagsmiðlum var annars vegar um að ræða auglýsingu þar sem Sven, fígúra félagsins, dansar um með það sem virðist vera nikótínþúða í vörinni og dós fyrir nikótínþúða



í hendinni með yfirskriftinni „10.000 koddar í vasanum“, og hins vegar auglýsingu þar sem tekið er fram „meira en 150 tegundir og 11 búðir“. Þá er jafnframt að finna dósir utan um púða framan á verslun félagsins að Borgartúni 23, ásamt ítrekuðum tilvísunum til „snus“ á merkingum félagsins.

Í svörum félagsins hefur því hefur m.a. ítrekað verið vísað til þess að félaginu sé heimilt að auglýsa vörumerkið Svens þar sem félagið hvorki framleiði né selji nikótínvörur undir því merki. Bendir stofnunin á að mál þetta varðar ekki auglýsingar á vörumerki félagsins almennt séð, heldur valdar auglýsingar sem kunna að brjóta gegn auglýsingabanni laga nr. 87/2018 og laga nr. 57/2005. Í máli þessu verður því ekki fjallað um álitamál tengdu lögmati vörumerkisins sjálfs eða notkunar fígúrunnar sem slíkrar. Þar að auki sinnir Neytendastofa ekki eftirliti með ákvæði áfengisлага um bann við áfengisauklýsingum og verður þ.a.l. ekki ályktað um lögmati auglýsinga einstaka fyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

Hvað varðar athugasemdir félagsins í tengslum við 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 vísar stofnunin til þess að ákvörðun þessi byggir á lögum og er það jafnframt mat stofnunarinnar að umræddar auglýsingar séu í þágu réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Hvað varðar dósir þær sem finna má utan á verslunum félagsins vísar félagið í svörum sínum til þess að þær séu allar merktar sem nikótínlausar og vísað til skilgreiningar á hugtakinu „nikótínvörur“ í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018. Við mat á því hvort umræddar auglýsingar feli í raun í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 telur stofnunin mikilvægt að líta til þess hvernig auglýsingin birtist þeim neytendum sem sjá auglýsinguna. Eru umræddar dósir áberandi stórar framan á verslun félagsins að Borgartúni 23. Merkingar þær sem sýna að umræddar vörur séu án nikótíns eru hins vegar smáar og nær ólæsilegar þegar horft er á verslunina frá sjónarhorni vegfarenda, n.tt. frá gangstéttum eða akvegi fyrir framan verslunina. Þá er til þess að líta að á umræddum dósum koma fram merki framleiðenda vörunnar með áberandi og einkennandi hætti. Framleiðendur þessir eru að meginstefnu til framleiðendur púða sem innihaldi nikótín í sambærilegum umbúðum og þeim sem birtast framan á versluninni. Að mati stofnunarinnar geta seljendur nikótínvara ekki komið sér undan ákvæðum laganna með því að auglýsa dósir fyrir nikótínlausar vörur þegar upplýsingar eru vart sýnilegar neytendum og framleiðendur vörunnar eru jafnframt framleiðendur púða með nikótíni. Að mati stofnunarinnar er félagið með slíkri framsetningu í raun að koma vörumerki á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu nikótínvöru undir því vörumerki. Umræddar auglýsingar Svens framan á verslun sinni eru því í andstöðu við bann 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum.

Þá kemur til athugunar auglýsing félagsins þar sem fígúran Sven sést dansa með það sem virðist vera dós fyrir nikótínþúða í annarri hendi og virðist vera með nikótínþúða í vörinni. Með auglýsingunni er jafnframt birtur textinn „með 10.000 koddum í vasanum“. Að mati stofnunarinnar ber að meta birt markaðsefni félagsins í heild sinni út frá starfsemi félagsins



og þeim upplýsingum sem fram koma í viðkomandi markaðsefni. Undir rekstri málsins var því m.a. haldið fram að það sem Sven haldi á í umræddri auglýsingu geti verið hvað sem er. Það sama eigi við um punktinn í andliti Sven, það geti verið hvort sem er tönn eða tyggjó. Telur stofnunin að samhengi auglýsingarinnar í máli þessu vegi þungt við mat á því hverju Sven haldi á í auglýsingunni. Sé litið til þess að vöruúrval félagsins samstendur að nær öllu leiti af nikótínþúðum, ásamt því að í auglýsingu megi finna beina tilvísun til nikótínþúða, verður að telja að umræddir hlutir séu bein tilvísun til vöruúrvals félagsins, enda markmið auglýsinga af þessu tagi að auka sölu á vörum félagsins. Þá er ekki hægt að skilja tilvísun félagsins til „10.000 kodda“ með öðrum hætti en að verið sé að vísa til 10.000 nikótínþúða. Mættu neytendur þ.a.l. réttilega ganga út frá því að umræddir hlutir, ásamt umfjöllun um 10.000 kodda, feli í sér auglýsingar á nikótínþúðum. Myndi bannákvæði laganna missa marks ef gildissvið þeirra yrði þrengt með þeim hætti að ákvæðið takmarki aðeins beinar auglýsingar á nikótínþúðum með hliðsjón af markmiði laganna og eðlis þeirrar vöru sem um ræðir. Er það því mat stofnunarinnar að umrædd auglýsing feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Hvað varðar auglýsingu félagsins þar sem fram kemur „Meira en 150 tegundir og 11 búðir“ telur stofnunin jafnframt ljóst að samhengið skipti máli við mat á lögmæti hennar. Eins og áður hefur komið fram bíður félagið að nær öllu leyti upp á nikótínþúða til sölu í verslunum sínum. Telur stofnunin að með því að vísa til 150 tegunda í umræddum auglýsingum er félagið að vísa beint til þeirra vara sem félagið er að selja. Með hliðsjón af því er félagið að auglýsa nikótínvörur þær sem félagið selur, þvert á bann 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Þá ber að meta hvort tilvísanir félagsins til „snus“ í auglýsingum sínum, t.a.m. framan á verslunum og bifreiðum félagsins, feli í sér brot gegn umræddum ákvæðum. Eins og alkunna er nær hugtakið „snus“ yfir reyklaugar nikótínvörur sem settar eru undir vör, hvort sem það séu nikótínþúðar eða munntóbak. Eins og áður hefur verið fjallað um ber að meta auglýsingar sem þessar í samhengi við það vöruúrval sem félagið hefur til sölu. Í tilviki Svens er vöruúrval verslunarinnar að nær öllu leiti takmarkað við nikótínþúða. Ekki er hægt að skilja tilvísun félagsins til „snus“ í auglýsingum á annan hátt en að um beina tilvísun til nikótínþúða sé að ræða gagngert til að auglýsa vörur félagsins í því skyni að auka sölu á þeim. Er það mat stofnunarinnar að með viðskiptaháttum þessum er félagið þ.a.l. að auglýsa nikótínvörur í því skyni að auka sölu þeirra og að félagið hafi brotið gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 með umræddum auglýsingum.

Með hliðsjón af framsetningu framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.



Með hliðsjón af viðskiptaháttum félagsins og með vísan til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 telur stofnunin því ekki tilefni til að grípa til sektarúrræðis að svo stöddu.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna Svens ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að. Að þeim tíma liðnum má búast við að teknar verði ákvarðanir um sektir.

III.

Ákvörðunarorð:

„Svens ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, hefur með því að auglýsa nikótínvörur í markaðsefni sínu brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Svens ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að. Verði það ekki gert innan tilskilins frests má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir.“

Neytendastofa, 19. júlí 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir